

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

#### *Naustavör 52-58. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 25. ágúst 2020 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 52-58 við Naustavör. Í tillögunni er gert ráð fyrir fjölgun íbúða í húsinu úr 44 í 45.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Auðbrekka 9-11. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 22. september 2020 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 9-11 við Auðbrekku. Í tillögunni er gert ráð fyrir að atvinnuhúsnæði á neðstu hæð hússins verði skráð sem íbúðarhúsnæði. Gert er ráð fyrir að koma fyrir 9 stúdíóíbúðum í rýminu, hver um sig 46 m<sup>2</sup> ásamt 17 m<sup>2</sup> geymslulofti. Íbúðunum fylgja 11 bílastæði.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Kórsalir 1. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 26. júní 2020 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 1 við Kórsali. Í breytingunni felst að 40,7 m<sup>2</sup> rými í kjallara hússins sem nú er skráð sem fönður- og vinnurými verði skráð sem íbúð með sér fastanúmer. Íbúðum í húsinu verði þannig fjölgað um eina og heildarfjöldi íbúða eftir breytingu verði alls 23. Þá er gert ráð fyrir breytingum á útliti norðvesturhliðar hússins þar sem fyrirhugað er að koma fyrir hurð og verönd.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 15. október 2020.*

**Birgir Hlynur Sigurðsson** skipulagsstjóri.